

## REGLUGERÐ

### um (35.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2019, frá 8. febrúar 2019, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1027 frá 19. júlí 2018 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar einangrunarfjarlægð fyrir Sorghum spp. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, frá 21. febrúar 2019, bls. 6.
2. Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1028 frá 19. júlí 2018 um leiðréttingu á framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar skráningu nýrra tegunda og grasafræðiheiti tegundarinnar Lolium x boucheanum Kunth. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, frá 21. febrúar 2019, bls. 9.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. maí 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*